**148. löggjafarþing 2017–2018.** **Prentað upp.**
**Þingskjal 338 — 242. mál.** Leiðrétting.

# Fyrirspurn

**til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um veiðigjöld o.fl.**

Frá Sigurði Páli Jónssyni.

1. Hyggst ráðherra bregðast við hækkun veiðigjalda á yfirstandandi fiskveiðiári sem leggjast einna þyngst á litlar og meðalstórar útgerðir?
2. Kemur til greina að veita á ný vaxtaafslátt vegna lána til kvótakaupa?
3. Kemur til greina að endurgreiða smábátaútgerðum þær 170 millj. kr. sem eru ofgreiddar vegna mismunar á milli útgerða með eða án fiskvinnslu samkvæmt útreikningum Landssambands smábátaeigenda?
4. Stendur enn yfir sú vinna í ráðuneytinu sem fyrrverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hóf árið 2016 í samstarfi við Byggðastofnun um endurskoðun á lögum um forkaupsrétt sveitarfélaga á útgerðum með samkomulag við lánastofnanir í huga? Hefur ráðherra gert ráðstafanir um framhald þessa máls?

**Skriflegt svar óskast.**